

Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið
– fjármálaskrifstofa –

15. október 2007

Minnisblað

Efni: Frumvarp til fjárlaga 2008.

Heildarútgjöld heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis árið 2008 eru áætluð 161.724 m.kr. Sértekjur, sem dragast frá, eru 5.121 m.kr. Gjöld umfram tekjur eru 156.603 m.kr.

Framlög til heilbrigðis- og tryggingamála hækka um 11.953,8 m.kr. milli árana 2007 og 2008. Þar af nema launa- og verðlagsbætur 5.039,1 m.kr. og kerfislæg hækkun í almannatryggingum 767 m.kr.

Samningsbundnar greiðslur til lífeyrismála og uppbyggingar öldrunarþjónustu, í samræmi við tillögur nefndar skipuð fulltrúum frá forsætisráðuneyti og Landsambandi eldri borgara, nema 2.455 m.kr. og lögbundið framlag til byggingar nýs sjúkrahúss á lóð Landspítala nemur 1.300 m.kr.

Breytingar á málaflokkum ráðuneytisins eru eftirfarandi, **án launa- og verðlagsbóta.**

Tryggingamál.

Framlög til tryggingamála hækka samtals um **2.189,7 m.kr.** milli árana 2007 og 2008 að teknu tilliti til millifærslu fárheimilda á aðra fjárlagaliði, tímabundinna verkefna sem falla niður og til áforma um hækkun komugjalda til sérfræðilækna. Þar af nemur kerfislæg hækkun í almannatryggingum 767 m.kr. og samningsbundnar greiðslur til lífeyrismála 1.255 m.kr. í samræmi við samkomulag ríkisstjórnar og Landssambands eldri borgara. Veitt eru framlög til eftirfarandi verkefna:

Tryggingastofnun ríkisins.

Framlög til Tryggingastofnunar hækka sem hér segir eða samtals um **13,4 m.kr.**

- ✓ Til verkefnisins “*Rafræn samvinna TR og RSK, til hagsbóta fyrir sameiginlega viðskiptavini*” verða veittar **7 m.kr.** tímabundið í eitt ár.
- ✓ Til verkefnisins “*Rafræn þjónustugátt TR*” verða veittar **10 m.kr.** tímabundið í eitt ár.
- ✓ Stofnkostnaðar TR hækkar um **2,9 m.kr.** þar sem tímabundin frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka.

Á móti þessari hækkun fellur niður **5 m.kr.** tímabundið framlag til verkefna Íslenska upplýsingasamfélagsins og þá eru millifærðar **1,5 m.kr.** til Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna flutnings á umsýslu með samningi HUH lækna.

Bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð.

Framlög til bóta félagslegrar aðstoðar hækka samtals um **42 m.kr.** milli árunna 2007 og 2008, eða sem hér segir.

- ✓ Framlag til heimilisuppbótar hækkar um **42 m.kr.** Tengingar við lífeyristekjur maka er afnumdar og dregið er úr tengingum við atvinnutekjur maka þannig að þær hafa 25% vægi frá 1. janúar 2008.

Hækkun þessi er í samræmi við tillögur nefndar skipuð fulltrúum frá forsætisráðuneyti og Landssambandi eldri borgara. Framkvæmd þessa tillagna er miða að því að draga úr áhrifum tekna maka á bótagreiðslur var flýtt frá upphaflegu samkomulagi sem undirritað var 19. júlí 2006.

Lífeyristryggingar.

Framlög til lífeyristrygginga hækka samtals um **1.213 m.kr.** milli árunna 2007 og 2008, eða sem hér segir.

- ✓ Framlag til tekjutryggingar ellilífeyrisþega hækkar um 776 m.kr. Skerðingarhlutfall tekjutryggingar lækkar úr 39,95% í 38,35% og þá er dregið er úr áhrifum tekna maka á bótagreiðslur með því að afnema tengingar við lífeyristekjur maka og draga úr tengingum við atvinnutekjur maka þannig að þær hafa 25% vægi frá 1. janúar 2008.
- ✓ Framlag til tekjutryggingar örorkulífeyrisþega hækkar um 437 m.kr. Skerðingarhlutfall tekjutryggingar lækkar úr 39,95% í 38,35% og þá er dregið er úr áhrifum tekna maka á bótagreiðslur með því að afnema tengingar við lífeyristekjur maka og draga úr tengingum við atvinnutekjur maka þannig að þær hafa 25% vægi frá 1. janúar 2008.

Hækkun þessi er í samræmi við tillögur nefndar skipuð fulltrúum frá forsætisráðuneyti og Landsambandi eldri borgara. Framkvæmd þessa tillagna er miða að því að draga úr áhrifum tekna maka á bótagreiðslur var flýtt frá upphaflegu samkomulagi sem undirritað var 19. júlí 2006.

Sjúkratryggingar.

Samtals hækka framlög til sjúkratrygginga um **992,9 m.kr.** milli árunna 2007 og 2008 að teknu tilliti til millifærslu fárheimilda á aðra fjárlagaliði og áforma um hækkun komugjalda til sérfræðilækna. Hækkunin skýrist af eftirfarandi og tekur alla jafna mið af reynslu undangenginna ára:

- ✓ Til að mæta kerfislægri aukningu, þ.e.a.s. fjölgun bótaþega milli ára, **757 m.kr.** Þar af 470 m.kr. til að mæta auknum lyfjaútgjöldum, 124 m.kr. til aukinna hjálpartækjakaupa (5% aukning í notkun hjálpartækja) og 106 m.kr. til að mæta kerfislægri fjölgun þeirra sem þurfa á þjálfun að halda.
- ✓ Til að mæta auknum lækniskostnaði **300 m.kr.** Þar af eru 210 m.kr. vegna fólksfjölgunar og 90 m.kr. vegna aukinna læknisverka sem samið var um að kæmu til framkvæmda á árinu 2007.

- ✓ Vegna aukinnar atvinnulegrar endurhæfingar til að skapa öryrkjum greiðari aðgang út í atvinnulífið verður varið **200 m.kr.** Annars vegar verður fjárheimild til þjálfunar hækkuð um 150 m.kr. til að auka atvinnulega endurhæfingu og til að hvetja öryrkja í ríkari mæli út í atvinnulífið. Þá hækkar fjárheimild til hjálpartækjakaupa um 50 m.kr., en áformað er að breyta reglum um hjálpartæki til að mögulegt verði að greiða fyrir hjálpartæki öryrkja á vinnustað.
- ✓ Framlag til lækniskostnaðar hækkar um **20 m.kr.** til að auka aðgengi að sjálfstætt starfandi sérfræðingum á sviði geðheilbrigðisþjónustu. Tillaga þessi er hluti af aðgerðaráætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem miðar að því að stórauka þjónustu við börn og ungmenni með hegðunar- og geðraskanir.
- ✓ Framlag til lækniskostnaðar hækkar um **5 m.kr.** til að mæta kostnaði við samning um tæknifrjóvganir.

Á móti þessum hækkunum koma annars vegar millifærslur af og á liðinn “*Sjúkratryggingar*” eða nettó lækkun að fjárhæð **189,1 m.kr.**, en þar vegur þyngst flutningur sammings við sjálfstætt starfandi heilsugæslulækna til heilsugæslu höfuðborgarsvæðis (172 m.kr.) og hins vegar áform um hækkun komugjalda til sérfræðilækna, **100 m.kr.**

Slysatryggingar.

Samtals lækka framlög til slysatrygginga um **65 m.kr.** milli áránn 2007 og 2008.

- ✓ Til að mæta hækkun útgjalda vegna læknis- og sjúkrakostnaðar hækkar framlag til sjúkratrygginga um **10 m.kr.**

Á móti eru sértekjur liðarins hækkaðar um **40 m.kr.**, en þær hafa verið vanmetna í fjárlögum. Þá er framlag til viðfangsins “Kaup og aflahlutur sjómanna” lækkað um **35 m.kr.** og byggist sú lækkun á endurskoðaðri spá um útgjöld ársins 2007. Þessi lækkun á viðfanginu “Kaup og aflahlutur sjómanna” er til viðbótar 50 m.kr. lækkun á fjárlögum þessa árs.

Eftirlaunasjóður aldraðra.

Lækkun framlags til Eftirlaunasjóðs aldraðra mun nema **8 m.kr.** á næsta ári, en um er að ræða hverfandi útgjaldalið.

Samkvæmt lögum um eftirlaun til aldraðra eiga aldraðir menn, sem ekki eiga rétt skv. I. kafla þeirra laga né skv. II. kafla laga um Lífeyrissjóð bænda, rétt til eftirlauna, enda uppfylli þeir öll eftirtalin skilyrði.

- Eru fæddir árið 1914 eða fyrr.
- Hafa náð 70 ára aldri og látið af störfum. Maður, sem náð hefur 75 ára aldri, á þó rétt á eftirlaunum án tillits til hvort hann hefur látið af störfum eða ekki.
- Eiga að baki a.m.k. 10 ára réttindatíma og hafa hvert þessara ára áunnið sér a.m.k. 1/25 úr stigi sbr. 11. gr. laga um eftirlaun til aldraðra.

Einstaklingum sem fá greitt úr sjóðnum fækkar milli ára. Samkvæmt ríkisreikningi voru útgjöld sjóðsins til að mynda 161 m.kr. árið 2003, en voru tæpar 107 m.kr. á árinu 2006.

Sjúkrahús/sjúkrastofnanir/heilbrigðisstofnanir.

Framlög til sjúkrahúsa, sjúkrastofnana og sjúkrasviða og hjúkrunarrýma heilbrigðisstofnana hækka samtals um **2.652,5 m.kr.** milli árana 2007 og 2008.

Fjórðungssjúkrahúsið á Akureyri.

Framlög til Fjórðungssjúkrahússins á Akureyri hækka um **146 m.kr.** milli árana 2007 og 2008. Veitt eru framlög til eftirfarandi verkefna:

- ✓ Til styrktar núverandi starfsemi FSA **82 m.kr.**
- ✓ Til rekstur nýrrar líknardeildar **10 m.kr.**
- ✓ Til uppbyggingar blóðbankaþjónustu á landsvísu **22 m.kr.**
- ✓ Til að mæta niðurfellingu á undanþágu frá greiðslu fasteignaskatts **12,9 m.kr.**
- ✓ Tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka **6,1 m.kr.**
- ✓ Millifærðar eru **10 m.kr.** af safnliðnum “Sjúkrahús, óskipt” til að mæta kostnaði við meðferð psoriasis- og exemsjúklinga.
- ✓ Millifærðar eru **3 m.kr.** af safnliðnum “Sjúkraflutningar” til að mæta kostnaði við umsjónarmann sjúkraflugs (eftirlit á landsvísu).

Til viðbótar ofangreindu eru millifærðar **24 m.kr.** af nýbyggingarlið sjúkrahússins á tækjakaupalið sjúkrahússins þar sem framkvæmdum við Suðurálmú er að ljúka, en mikil þörf er á endurnýjun ýmiss tækjabúnaðar vegna lækninga og rannsóknarstarfsemi.

Landspítali – háskólasjúkrahús.

Framlög til Landspítala – háskólasjúkrahúss hækka um **875,8 m.kr.** milli árana 2007 og 2008. Veitt eru framlög til eftirfarandi verkefna:

- ✓ Til styrktar núverandi starfsemi LSH **820 m.kr.**
- ✓ Til að mæta niðurfellingu á undanþágu frá greiðslu fasteignaskatts **142,2 m.kr.**
- ✓ Tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka **18,4 m.kr.**
- ✓ Til að stytta bið eftir meðferð á barna- og unglíngageðdeild **24 m.kr.** Tillaga þessi er hluti af aðgerðaráætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem miðar að því að stórauka þjónustu við börn og ungmenni með hegðunar- og geðraskanir.
- ✓ Til að ráða fræðslustjóra til a annast ráðgjafarhlutverk á vegum barna- og unglíngageðdeildar **5 m.kr.** Tillaga þessi er hluti af aðgerðaráætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem miðar að því að stórauka þjónustu við börn og ungmenni með hegðunar- og geðraskanir.
- ✓ Millifærðar eru **6 m.kr.** af safnliðnum “Sjúkrahús, óskipt” til að mæta kostnaði við öndunarvélameðferð.
- ✓ Millifærðar eru **10,7 m.kr.** af liðnum “Heilsugæsla á höfuðborgarsvæðinu” vegna flutnings á stöðugildum ljósmæðra frá heilsugæslunni.

Á móti ofangreindu eru millifærðar **98 m.kr.** til félagsmálaráðuneytisins vegna flutnings 3ja sambýla frá LSH. Einnig eru millifærðar **52,5 m.kr.** til sjúkratrygginga

þar sem samninganefnd tekur yfir þjónustusamning LSH við IFC Iceland um ræknifrjóvganir.

Uppbygging Landspítala – háskólasjúkrahúss.

Til uppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss verður varið **1.310 m.kr.** á árinu 2008.

Í samræmi við ákvæði laga nr. 133/2005 verður 1.300 m.kr. varið til uppbyggingar Landspítala – háskólasjúkrahúss á árinu 2008. Til viðbótar gengur til baka tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 (10 m.kr.).

Heilbrigðisstofnanir.

Framlög til heilbrigðisstofnana hækka samtals um **229,4 m.kr.** milli árana 2007 og 2008. Veitt eru framlög til eftirfarandi verkefna:

- ✓ Til að mæta niðurfellingu á undanþágu frá greiðslu fasteignaskatts **50,6 m.kr.** (dreifist á allar heilbrigðisstofnanir).
- ✓ Tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka **21 m.kr.** (safnliðurinn 08-700 Heilbrigðisstofnanir)
- ✓ Framlög til Heilbrigðisstofnunarinnar Akranesi hækka samtals um **11,4 m.kr.** vegna eftirfarandi tilefna:
 - Til að mæta kostnaði við samþykkt vinnutímatilskipunar EB vegna unglækna 5,5 m.kr.
 - Millifært er af safnlið heilsugæslu 1 m.kr. til eflingar geðheilbrigðisþjónustu við unglinga á Vesturlandi.
 - Millifært af safnlið heilbrigðisstofnana 4,9 m.kr. til að mæta kostnaði við rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar.
- ✓ Til aukinnar heima- og skólahjúkrunar á starfssvæði Heilbrigðisstofnunarinnar Patreksfirði **8 m.kr.**
- ✓ Framlög til Heilbrigðisstofnunarinnar Ísafjarðarbæ hækka samtals um **14,3 m.kr.** vegna eftirfarandi tilefna:
 - Til aukinnar heimahjúkrunar á starfssvæði stofnunarinnar 8 m.kr.
 - Millifært af safnlið sjúkraflutninga 6,3 m.kr. til að mæta auknum kostnaði við sjúkraflutninga á starfssvæði stofnunarinnar.
- ✓ Millifærðar eru **5,3 m.kr.** á Heilbrigðisstofnunina Sauðárkróki af safnlið heilsugæslu vegna sammings um sjúkraflutninga.
- ✓ Millifærðar eru samtals **6,3 m.kr.** á Heilbrigðisstofnun Þingeyinga vegna eftirfarandi tilefna:
 - Til reksturs reyksímans eru millifærðar 3 m.kr. af safnlið sjúkrahúsa.
 - Til að standa undir rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar eru millifærðar 3,3 m.kr. af safnlið heilbrigðisstofnana.
- ✓ Framlög Heilbrigðisstofnunar Austurlands eru hækkuð um **4,5 m.kr.** til að stuðla að aukinni samvinnu þeirra er veita frumþjónustu innan heilbrigðiskerfisins (geð- og sálfélagsleg þjónusta). Tillaga þessi er hluti af aðgerðaráætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem miðar að því að stórauka þjónustu við börn og ungmenni með hegðunar- og geðraskanir.
- ✓ Millifærðar eru **163,5 m.kr.** á liðinn Heilbrigðisstofnun Suð- Austurlands, sem er nýr fjárlagaliður, af tveimur liðum sem féllu annars vegar undir heilsugæslu og hins vegar undir öldrunarmál.

- ✓ Millifærðar er **0,5 m.kr.** á Heilbrigðisstofnunina Vestmannaeyjum af safnlið heilbrigðisstofnana til að mæta kostnaði við rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar.
- ✓ Framlög til Heilbrigðisstofnunar Suðurlands hækka samtals um **42,5 m.kr.** vegna eftirfarandi tilefna:
 - Framlög til reksturs hjúkrunarrýma eru aukin um 26,5 m.kr. í samræmi við reiknilíkan ráðuneytisins.
 - Framlög hækka um 16 m.kr. til að mæta kostnaðarauka samfara kjarasamningum sjúkraflutningamanna.
- ✓ Framlög til Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja hækka samtals um **39,5 m.kr.** vegna eftirfarandi tilefna:
 - Framlög til reksturs hjúkrunarrýma eru aukin um 30,9 m.kr. í samræmi við reiknilíkan ráðuneytisins.
 - Framlög eru hækkuð um 4,5 m.kr. til að stuðla að aukinni samvinnu þeirra er veita frumþjónustu innan heilbrigðiskerfisins (geð- og sálfélagsleg þjónusta). Tillaga þessi er hluti af aðgerðaráætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem miðar að því að stórauka þjónustu við börn og ungmenni með hegðunar- og geðraskanir.
 - Til að standa undir rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar eru millifærðar 4,1 m.kr. af safnlið heilbrigðisstofnana.
- ✓ Framlög til St. Jósefsspítala eru hækkuð um samtals **24,9 m.kr.** vegna eftirfarandi tilefna:
 - Til að mæta kostnaði við samþykkt vinnutímatilskipunar EB vegna unglækna 6,8 m.kr.
 - Framlög til reksturs hjúkrunarrýma eru aukin um 5,1 m.kr. í samræmi við reiknilíkan ráðuneytisins.
 - Framlög hækka um 4,2 m.kr. til að mæta kostnaði við for- og eftirskoðanir vegna augasteins- og glákuaðgerða.
 - Til að standa undir rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar eru millifærðar 8,8 m.kr. af safnlið heilbrigðisstofnana.

Á móti ofangreindu lækkar liðurinn *08-700 Heilbrigðisstofnanir* um **21,6 m.kr.** vegna rekstrarleigu myndgreiningarbúnaðar. Til lækkunar kemur ennfremur samtals **120,4 m.kr.** millifærsla af safnlið heilbrigðisstofnana á aðra stofnkostnaðarliði ráðuneytisins vegna breytinga á verkefnastöðu framkvæmda á heilbrigðisstofnunum (framkvæmdum m.a. lokið). Loks kemur til lækkunar áform um hækkun komugjalda í heilsugæslu að fjárhæð **20,9 m.kr.**

Önnur sjúkrahúspjónusta.

Framlög til annarra sjúkrahúspjónustu hækka samtals um **91,3 m.kr.** milli árána 2007 og 2008. Veitt eru framlög til eftirfarandi verkefna:

- ✓ Til að mæta niðurfellingu á undanþágu frá greiðslu fasteignaskatts **12 m.kr.** (dreifist á aðrar sjúkrastofnanir).
- ✓ Tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka **1,3 m.kr.** (safnliðurinn 08-379 Sjúkrahús, óskipt)
- ✓ Safnliðurinn "Sjúkrahús, óskipt" hækkar um samtals **75 m.kr.** vegna eftirfarandi verkefna:

- Til undirbúnings leitar að krabbameini í ristli og endaparmi 20 m.kr.
- Til að mæta kostnaði við samninga við sjálfstætt starfandi aðila 30 m.kr.
- Til uppbyggingar blóðbankþjónustu á landsvísu 25 m.kr.
- ✓ Framlög til Vistunar ósakhæfra afbrotamanna að Sogni hækka um **9 m.kr.** vegna aukinnar starfsemi og aukins fjölda vistmanna.
- ✓ Framlög til Heilsustofnunar Náttúrulækningafélags Íslands hækka um **10 m.kr.** vegna aukinnar starfsemi hjá stofnuninni í tengslum við þjónustusamning.

Á móti lækka framlög á Safnliðurinn 08-379 *Sjúkrahús, óskipt* um **16 m.kr.** vegna flutnings verkefna á aðra fjárlagaliði. Annars vegar eru millifærðar 6 m.kr. á LSH vegna öndunarvélemeðferðar og hins vegar 10 m.kr. á FSA til að mæta kostnaði við meðferð psoriasis- og exemsjúklinga.

Öldrunarþjónusta.

Framlög til öldrunarþjónustu hækka samtals um **1.339,8 m.kr.** milli árána 2007 og 2008. Veitt eru framlög til eftirfarandi verkefna:

- ✓ Til breytinga og endurbygginga hjúkrunarheimila **100 m.kr.** í samræmi við tillögur nefndar skipuð fulltrúum frá forsætisráðuneyti og Landsambandi eldri borgara.
- ✓ Til uppbyggingar hjúkrunarheimila á árinu 2008 **700 m.kr.** í samræmi við tillögur nefndar skipuð fulltrúum frá forsætisráðuneyti og Landsambandi eldri borgara.
- ✓ Til fjölgunar hjúkrunar- og dagvistarrýma **100 m.kr.** í samræmi við tillögur nefndar skipuð fulltrúum frá forsætisráðuneyti og Landsambandi eldri borgara.
- ✓ Framlag til Hjúkrunarheimilisins Sóltúns hækkar um **24 m.kr.** vegna hækkunar umönnunarþyngdar heimilismanna.
- ✓ Til að standa undir rekstrarkostnaði vistunarmatshópa **70 m.kr.**
- ✓ Til að mæta niðurfellingu á undanþágu frá greiðslu fasteignaskatts **80,8 m.kr.** (dreifist á allar öldrunarstofnanir).
- ✓ Tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka **41,1 m.kr.** (safnliðurinn 08-401 Öldrunarstofnanir, almennt og 08-402 Framkvæmdasjóður aldraðra).
- ✓ Framlög Framkvæmdasjóðs aldraðra hækka um **69,3 m.kr.** í samræmi við endurskoðaða áætlun um ríkistekjur af gjaldi í sjóðinn.
- ✓ Þátttöku Framkvæmdasjóðs aldraðra hætt – Rekstrargunnur hjúkrunarheimila hækkaður um **94,6 m.kr.**
- ✓ Til að mæta kostnaði við innleiðingu á RAI Home Care mælitæki **6,5 m.kr.**
- ✓ Til hækkunar á rekstrargrunnur dagvistarheimila **57,5 m.kr.** Rekstrargrunnur leiðréttur til samræmis við heimilaðan fjölda rýma.
- ✓ Til reksturs hugbúnaðarkerfa (RAI matskerfi) í öldrunarþjónustu **25 m.kr.**
- ✓ Liðurinn Öldrunarstofnanir, almennt er hækkaður um **20 m.kr.** til að mæta tilfallandi verkefnum á sviði öldrunarmála.
- ✓ Millifærðar eru af öðrum stofnkostnaðarliðum ráðuneytis **116,8 m.kr.** til uppbyggingar öldrunarþjónustu.

Á móti ofangreindum hækkunum fellur niður tímabundið **20 m.kr.** framlag til undirbúnings stækkunar Jaðars, Ólafsvík. Í öðru lagi kemur til **90 m.kr.** lækkun vegna leiðréttingar á áætlun um tekjur frá vistmönnum. Í þriðja lagi eru **55,8 m.kr.** millifærðar af málaflokknum þar sem samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um öldrunarþjónustu er færður undir heilbrigðisstofnanir.

Heilsugæsla.

Framlög til heilsugæslunnar hækka samtals um **518,8 m.kr.** milli árana 2007 og 2008. Veitt framlög til eftirfarandi verkefna:

- ✓ Til aukins stuðnings við aldraðar sem búa heima – efling heimahjúkrunar, **300 m.kr.** í samræmi við tillögur nefndar skipuð fulltrúum frá forsætisráðuneyti og Landsambandi eldri borgara.
- ✓ Til að stytta bið eftir þjónustu á Miðstöð heilsuverndar barna **20 m.kr.** Tillaga þessi er hluti af aðgerðaráætlun heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra sem miðar að því að stórauka þjónustu við börn og ungmenni með hegðunar- og geðraskanir.
- ✓ Til eflingar geðheilbrigðisþjónustu innan heilsugæslunnar **35 m.kr.**
- ✓ Til endurskipulagning heilsugæslunnar **30 m.kr.**
- ✓ Til upplýsingatækniverkefnisins “*Rafræn samskipti við skjólstæðinga heilsugæslustöðvar og pappírslaus heilsugæslustöð*” **7 m.kr.**
- ✓ Millifærðar eru **172 m.kr.** á Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins vegna flutnings samnings við sjálfstætt starfandi heilsugæslulækna.
- ✓ Til húsaleigu hjá nýrri heilsugæslustöð í Árbæjarhverfi **11,4 m.kr.**
- ✓ Til kaupa á tækjum og búnaði fyrir nýja heilsugæslustöð í Árbæjarhverfi **35 m.kr.**
- ✓ Til húsaleigu hjá heilsugæslustöð í Hamraborg, Kópavogi **10,2 m.kr.**
- ✓ Til samnings um rekstur heilsugæslu í Salahverfi **23,5 m.kr.** Fjölgun eininga í samræmi við fjölgun íbúa á starfssvæði stöðvarinnar.
- ✓ Til að ljúka uppgjöri framkvæmda við heilsugæsluna á Akureyri **3,6 m.kr.**
- ✓ Til samninga um sjúkraflutninga **7,2 m.kr.**
- ✓ Til samnings við Rauða kross Íslands um innkaup sjúkrabifreiða **8,4 m.kr.**
- ✓ Til hækkunar rekstrargrunns Heilsugæslustöðvarinnar Borgarnesi **4,5 m.kr.** í samræmi við forsendur reiknilíkans.
- ✓ Til hækkunar rekstrargrunns Heilsugæslustöðvarinnar Grundarfirði **2,3 m.kr.** í samræmi við forsendur reiknilíkans.
- ✓ Til hækkunar rekstrargrunns Heilsugæslustöðvarinnar Ólafsfirði **5,2 m.kr.** í samræmi við forsendur reiknilíkans.
- ✓ Til að mæta niðurfellingu á undanþágu frá greiðslu fasteignaskatts **15,8 m.kr.** (dreifist á allar heilsugæslustöðvar).
- ✓ Tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka **1,3 m.kr.** (safnliðurinn 08-500 Heilsugæslustöðvar, almennt).
- ✓ Millifærðar eru **1,5 m.kr.** á heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins af Tryggingastofnun ríkisins vegna umsjónar með samningi HUH lækna.

Á móti ofangreindu eru **107,7 m.kr.** millifærðar af málaflokknum þar sem samningur við Sveitarfélagið Hornafjörð um heilsugæslu er færður undir heilbrigðisstofnanir. Ennfremur eru millifærðar samtals **22 m.kr.** af málaflokknum vegna verkefna sem

sinnt verður af öðrum heilbrigðisstofnunum (verkefni á sviði heilsugæslu, s.s. mæðravernd, geðheilbrigðisþjónusta og sjúkraflutningar). Þá er niðurfellt tímabundið **6,3 m.kr.** framlag til sjúkraflugs. Loks kemur til lækkunar áform um hækkun komugjalda í heilsugæslu að fjárhæð **39,1 m.kr.**

Önnur verkefni.

Veitt eru framlög til annarra verkefna sem hér segir:

- ✓ Til eflingar aðalskrifstofu heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis **41,2 m.kr.**
- ✓ Framlög til Landlæknis hækka samtals um **31,5 m.kr.** vegna eftirtalinna verkefna:
 - Vegna aukinnar áherslu á eftirlit og gæði og skráningu og úrvinnslu upplýsinga **28 m.kr.**
 - Til eftirlits með vistunarmati, vistunarmatsskrá og þjónustu við aldraða **9,2 m.kr.**
 - Millifærðar er **1 m.kr.** á embættið af liðnum “Sjúkraflutningar” til að mæta kostnaði við gerð eyðublaða fyrir sjúkraflutninga.
- ✓ Framlag til þjónustusamnings HTR og Styrktarfélags lamaðra og fatlaðra hækkað um **5 m.kr.** vegna aukins meðferðarfjölda.
- ✓ Styrkur til Endurhæfingarstöðvar hjarta- og lungnasjúklinga, Reykjavík er hækkaður um **2,5 m.kr.**
- ✓ Framlag til Sjónstöðvar Íslands hækkar um **16 m.kr.** til eflingar þjónustu við blinda og sjónskerta nemendur.
- ✓ Tímabundin 5% frestun stofnkostnaðar í fjárlögum 2007 gengur til baka **3 m.kr.** (Málefni fatlaðra, Heyrnar- og talmeinstöð, Heilbrigðismál, almennt).
- ✓ Til átaks í vímuvarnarmálum í samvinnu við ráðuneyti dóms- og félagsmála **34 m.kr.**
- ✓ Til heyrnartækjakaupa **40 m.kr.**
- ✓ Til samnings við Blindrafélagið um kaup, þjálfun og rekstur **blindrahunda 5 m.kr.**
- ✓ Til upplýsingatækniverkefnisins “Kvikun – vefur sjúklinga og aðstandanda” **11 m.kr.**
- ✓ Liðurinn “Ýmis framlög heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytis” er hækkaður um **5 m.kr.**

Framlag til forvarnasjóðs lækkar um **32 m.kr.** þar sem ekki varð af áformaðri hækkun áfengisgjalds í tengslum við lækkun vsk. af matvælum og áfengi.

Niðurfelldar eru samtals 25 m.kr. á liðnum “Heilbrigðismál, almennt”. Hér er um að ræða verkefni sem veitt var tímabundin fjárveiting til á árinu 2007.

--- oOo ---

Rekstrarumfang margra stofnana ráðuneytisins hefur verið meira en gert hefur verið ráð fyrir í fjárlögum undangenginna ára. Um er að ræða útgjöld sem fjármögnuð hafa

verið með sértekjum og er gerð leiðrétting á því í frumvarpinu, þar sem það á við,
með því að hækka hvoru tveggja gjöld og sértekjur.